


**Afstöðumynd**
mkv. 1:500




**Grunnmynd 1. hæðar**
mkv. 1:100

## LÝSING ERINDIS

Erindið er til komið vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við kaffihúsið Súfistann, Strandgötu 9. Húsið er byggt árið 1912, en kvistum var bætt á húsið í kringum 1955. Ýmis starfssemi hefur verið í húsinu, en árið 1994 var því breytt í kaffihús.

Byggt verður við húsið vestan og norðan megin, innan byggingarreits sem samþykktur var í deiliskipulagi fyrir reitinn í október 2005.

KJALLARI. Í kjallara eru starfsmannaaðstaða og ræstiaðstaða, bökunarrými, lager og kælir / frystir.

1. HÆÐ. Á fyrstu hæð er veitingasala, eldhús, snyrtingar, ræstiaðstaða og lager.

2. HÆÐ. Á annari hæð verður bar og veitingasala, fjölnota salur, uppþvottaaðstaða og ræstiaðstaða, skrifstofa og snyrtingar.

Eldra húsið er staðsteypt og hvílir á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Gólf er úr timbri, og þak er hefðbundið timburþak klætt bárujárni.

NÝBYGGING

1-ÞAK. Þakplata er staðsteypt með vatnshalla, klædd sniðskorinni þakeinangrun og þakdúk. Þak yfir fjölnotasal er timburþak klætt bárujárni, á þakinu eru þakgluggar með öryggisgleri.

2-ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir, einangraðir að utan, kæddir bárujárni að hluta, en annars m. murhúð.

3-GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar settir eftirá í útvegg. Tvöfalt gler er í gluggum og 14mm loftbil. K-gler í öllum gluggum. Öryggisgler er í þakgluggum og gönguhurðum.

4-SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað með 100mm steinullareinangrun. Hitalagnir í gólfplötu.

5-INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi.

6-SVALIR. Tvennar svalir eru á húsinu, annars vegar út að Strandgötu, og hins vegar út frá fjölnotasal en þar er hringstigi niður í bakgarð. Gólf í báðum svölum eru steypt plata, en ofan á hana kemur flögn með vatnshalla, þar ofan á kemur 200mm pressuð einangrun, þakdúkur, sandur og hellulögn. Hæð handriða á svölum er 1200mm, með 800mm klifurvörn.

BRUNAVARNALÝSING

1. Brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar er til staðar í húsinu.

2. Handslökkvitækjum var komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

3. Flóttaleiðir úr kjallarýmum eru annars vegar um stiga í norðurenda upp í veitingasal og þaðan um útidyr á suðurhlið, og hins vegar um björgunarop á austurgafli (sund milli Strgt. 9 og 11). Flóttaleiðir úr veitingasal á 1. hæð eru um aðalinngang á suðurhlið, og um bakdyr á norðurhlið. Flóttaleiðir af 2. hæð eru í fyrsta lagi um stiga niður í veitingasal á 1. hæð og þaðan um aðalinngang, í öðru lagi út á svalir á suðurhlið, og sá þriðji er um dyr á fjölnotasal út á þaksvalir yfir eldhúsi og þaðan um hringstiga niður á baklóð.

4. Útljósum og neyðarlýsingu verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð eru í öllum helstu rýmum.

6. Yfir eldunaraðstöðu í eldhúsi verður háfur með innbyggðum slökkvibúnaði.

**BRUNATÁKN:**

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. EI-60

Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. A-EICS-60

Rýmingarleið.

Útljós. ÚT

Samþykkt þann
3 0 NOV. 200[illegible]
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

**A** - 04.10.2005 - ýmsar breytingar
**B** - 25.11.2005 - ýmsar breytingar


kárieiríksson arkitekt faí
KÁRI EIRÍKSSON - kt: 070365-4059
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf. - kt: 570800-2210 - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj.
Sími: 565 9779 - GSM: 699 0999 - Email: kari@aok.is - www.aok.is


| | |
|---|---|
| verkkaupi | **Súfistinn ehf.** |
| verk | **Strandgata 9, Hfj.** **Súfistinn kaffihús** |
| teikning | **Grunnmynd 1.hæð, afstöðum.** |
| | **Lýsing erindis** |
| teikning nr. | **0303 201** |
| | **AÐALUPPDRÁTTUR** |
| hannað | KE |
| teiknað | KE |
| dags. | 18.maí 2005 |
| mkv. | 1:100 / 500 |
| tölvuskrá | 0303-201.dwg |
| blaðstærð | **A2** |

**ath!** Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum skal tilkynna hönnuði strax.